

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Huldubraut 28. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. október 2023 breytingu á deiliskipulaginu Kársnes – Byggð norðan Huldubrautar, fyrir lóðina nr. 28 við Huldubraut. Í breytingunni felst að heimilt verði að nýta ósamþykktan kjallara undir húsinu alls 155,5 m² að flatarmáli. Svalir að norðurhlið eru stækkaðar og tengdar garði með útistiga ásamt því að nýjum tröppum er komið fyrir á norðurhlið hússins. Byggingarmagn á lóðinni eykst úr 304,9 m² í 463,6 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,44 í 0,67.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. febrúar 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. mars 2024